

ÞAD ER SENNILEGA EKKI AUÐVELT að vera heilbrigðisráðherra um þessar mundir þegar fréttir berast af löngum biðlistum eftir hjúkrunarrými, stofnanavist og lækniáðgerðum. Jón Kristjánsson heldur þó ró sinni um leið og hann víðurkennir vandann.

– Samkvæmt fréttum eru um þúsund manns í hópi aldraðra sem bíða eftir þjónustu og hjúkrunarrými. Þar af eru 80 prósent sagðir í brýnni þörf. Verða stjórnvöld ekki að taka á þessum málum af festu?

„Þetta er eitt af þeim málum sem hefur verið í forgangi hjá okkur í heilbrigðisráðuneytinu. Það hefur verið löng mikil vinna í að skoða hvað hægt er að gera og ýmsar aðgerðir koma til greina. Hjúkrunarrými vantar tilfinnanlega. Ein hugmyndin er að efla heimahjúkrun. Stofnanavistun er meiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Efling heimahjúkrunar væri mjög í takt við stefnu okkar í heilbrigðismálum. Bæði er það hagkvæmt frá fjárhagslegu sjónarmiði og ekki síst frá mannlegu sjónarmiði. Það er æskilegt að aldraðir geti búið sem lengst helma. Þetta mál er eitt það brýnasta sem er til meðferðar hjá okkur og við erum að leita lausna.“

– Vandí geðsjúkra er líka mikill en þar hefur verið sparað á kostnað þjónustu. Sá sparnaður getur varla borgað sig?

„Á þessu ári er auknum fjárumunum varið til geðfátíðra. Það þyrfti að auka þjónustuna á mjög mörgum sviðum, en sérstaklega á barna- og unglingsgeðdeild og geðdeild Landspítalans, en það er líka mjög áriðandi að styðja félagsamtök eins og Geðhjálp sem hefur unnið mikilvæg störf á þessu sviði.“

Sá veiki á ekkert val

– Enn einn biðlistinn sem má nefna er hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi en þar bíða 2500 manns eftir lækni-verkum.

„Þeir biðlistar eru tilfinnanlegir en þó ber að taka þessum tölum með fyrirvara. Við verðum ætíð að taka með í reikninginn að hvorki hjartasjúklingar né krabbameinsjúklingar eru á biðlista. Við höfum nokkrar áhyggjur af biðlistum í bæklunaraðgerðum. Við settum viðbótarfjármagn inn í málaflökkinn á yfirstandandi ári og erum að kljást við þetta viðfangsefni. Bæklunarbíðlistinn er tilfinnanlegur því fólk sem er á honum er á lyfjum og býr við þjáningar. Þetta er spursmál um fjárumni fyrst og fremst og við erum í bardaga um það eins og allir aðrir. Það hefur bryddað á í umræðu um biðlista að einkavæðing sé einhver allsherjarlausn á þeim en einkavæðingin skapar enga peninga. Heilbrigðisráðuneytið er með 38–40 prósent af öllum ríkisútgjöldum og hefur algjöra sérstöðu hvað varðar útgjaldabörfina. Það ráðuneyti sem er næst í útgjöldum, menntamálaráðuneytið, er hálfdrættlingur á við okkur. Auðvitað finnst manni blóðugt að geta ekki gert allt sem maður vill gera en við gerum allt sem við mögulega getum til að halda uppi trausta heilbrigðiskerfi. Það eru miklar framfarir í heilbrigðiskerfinu og mikill metnaður hjá fólki sem vinnur innan þess. Að því leyti er þetta mjög áhugavert svið, skemmtilegt og gefandi.“

– Hefðirðu áhyggjur af því ef sjálfstæðismaður settist í stól heilbrigðisráðherra?

„Ég hygg að innan Sjálfstæðisflokksins tali ýmsir fyrir aukinni einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, þó hafa samráðherrarnir ekki gengið langt í því. Mér finnst aðalatriðið að eitt heilbrigðiskerfi sé fyrir alla. Við megum ekki búa við tvö kerfi þar sem þeir sem betur mega sín hafa aðra aðstöðu en þeir sem minna mega sín. Aðalatriðið er að mismuna fólk ekki. Það er ekki hægt að líta á sjúklinga eins og viðskiptavinum í verslun. Viðskiptavinurinn á val. Sá sem er veikur á ekkert val. Ég hef trú á því að sjálfstæðismenn vilji halda í þetta grundvallaratriði um jafnræði.“

Samstíga Halldóri

Fyrir borgarstjórnarkosningar skapaðist nokkur órói í röðum Sjálfstæðisflokksins vegna viljayfirlýsingar sem Jón gerði við Reykjavíkurborg um þjónusturými fyrir aldraða. Hvernig horfir þetta mál fyrir honum núna?


„Ef ég hefði séð þennan óróa fyrir hefði ég kannski farið öðruvísi að. Það er ekki deilt um að málefnið er brynt en samstarfsmönnum mínum í ríkisstjórn fannst málið ekki kynnt nægilega vel fyrir samstarfsflokkinum. Þetta var viljayfirlýsing sem var oftúlluð í auglýsingum R-listans. Það er hins vegar nauðsyn að vinna áfram að málinu.“

– Snúum okkur frá heilbrigðismálum og að málefnum þins flokks. Halldór Ásgrímsson, formaður þinn, er orðinn ansi Evrópusinnauður í seinni tíð. Ertu sammála hans áherslum?

„Við Halldór höfum verið lengi saman í stjórnámálum, þekjumst mjög vel og höfum alltaf verið nokkuð samstíga. Ég veit að Halldór er þeirrar skoðunar að við getum ekki gengið í Evrópusambandið að óbreyttri sjávarútvegsstefnu þess. En um leið er ekki rétt að útiloka til allrar framtíðar breytingar á þessum sviðum. Við Íslendingar verðum að ræða stöðu okkar í fullri hreinskilni. Ég er sammála Halldóri í hans málfutningi.“

– Hvað segirðu um þróunina í þessu stjórnsamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, er ágreiningurinn ekki orðinn æpanði?

„Áfstaða formanna stjórnarflokkanna til Evrópumála er ólík en það er ekkert sem knýr til uppjörs á því sviði. Þetta eru ólíkir flokkar með ólíka sýn í ýmsum málum en fram að þessu hefur verið samið um niðurstöður og ég hef ekki trú á öðru en það verði gert áfram. Það er hins vegar engin umsókn um aðild að ESB í undirbúningi.“



„Mér finnst aðalatriðið að eitt heilbrigðiskerfi sé fyrir alla. Við megum ekki búa við tvö kerfi þar sem þeir sem betur mega sín hafa aðra aðstöðu en þeir sem minna mega sín. Aðalatriðið er að mismuna fólk ekki. Það er ekki hægt að líta á sjúklinga eins og viðskiptavinum í verslun. Viðskiptavinurinn á val. Sá sem er veikur á ekkert val.“

Eitt heilbrigðiskerfi fyrir alla

– Nú búast menn við því að Halldór Ásgrímsson fari í framboð hér í Reykjavík en hvar verður þú?

„Ég gef kost á mér í Norðausturkjördæminu sem nær frá Djúpvaggi til Sigluftarðar. Þetta er gjörbreytt umhverfi og menn eru þegar farnir að snúa sér til manns sem þingmanns þess svæðis þótt kosningar hafi ekki farið fram.“

– Lendirðu þá í slag við Valgerði Sverrisdóttur um fyrsta sætið?

„Flokksmenn ráða því hvar menn lenda. Fólk á líka eftir að svara því hvort það vill hafa mann áfram.“

Vísnaðsmiður en ekki skáld

Jón er þekktur vísnaðsmaður og kastar iðulega fram vísnað og þingi. Hann gerir þó ekki mikið úr skáldskaparhæfileikum sínum og segir: „Þetta er æfing, rétt eins og að ráða krossgátur. Ég er vísnaðsmiður en ekki skáld. Það er mikill munur á því. Maður gerir meira af því að setja saman vísur þegar fólk er í kringum mann þá leiðir eitt af öðru. Ég hef brageyru og heyrir hvort vísur eru rétt eða villast ortar. Það er til óttalegur leirburður og vitleysa, en það er þó violeini. Ég les mikið af ljóðum og er oftast með ljóðabækur á náttborðinu. Hannes Pétursson er mér mjög hjartfölginn enda hefur hann ort mikið um heimahaga mína. Ég hef líka dálæti á Steini Steinarr, Jóni Helgasoni, Guðmundi Bððvarssyni, Snorra Hjartarsyni og Jóni úr Vör. Ég hef líka gaman af að lesa eftir

yngr ljóðskáld, má segja að ég sé alæta á þessu sviði.“

Lifi eftir dagbók

Viðtalið er tekið þegar ásingurinn er sem mestur á HM en heilbrigðisráðherrann hefur ekki haft mikinn tíma til að fylgjast með keppninni, nýkominn frá Kanada þar sem landsmenn voru ekki ýkja uppteknir af boltanum. Hann segist þó horfa einstaka sinnum á fótbolta: „Ég hef allveg auga fyrir því hvað er vel og hvað er illa gert, ég stundaði fótbolta sem unglingur. Ég hef alltaf haldið með Akurunesingum og Manchester United í enska boltanum.“

– Hefur líf þitt ekki breyst eftir að þú varðst ráðherra?

„Ég þekkti nokkuð til verkahrigs ráðherra því ég hafði unnið nálið með mörgum ráðherrum sem þingmaður og hafði til dæmis mikið og gott samstarf við fyrirvandi heilbrigðisráðherra. Það er vissulega mikil breyting að verða ráðherra en ég hafði mikið að gera áður. Ég var í fjórum þingnefndum, formaður fjárlaganefndar, og lifði eftir dagbók eins og ég geri núna. Þetta er krefjandi starf enda þarf að sinna öllu landinu, auk stórs kjördæmis. Hins vegar hefur maður meira af fólki til að vinna með sér og það eru forréttindi. Auðvitað eru hér erfið verkefni sem þarf að glíma við en það kemst enginn í gegnum lífið án þess að takast á við einhverja erfiðleika.“